# Ingimundur gamli

## Blað U. M. F. Vatnsdælingur

| 4. Tbl. | Desember 1935 | XV Árg. |
|---|---|---|

## Hér.

Hér, í ungmennafél. húsinu á blaðið „Ingimundur gamli" lesið í fyrsta sinn. Þykir mér vel til fallið að biðja „Ingimund gamla" að tala til ykkar, kæru fél. nokkur orð í tilefni af því.

Okkur hefur lengi dreymt um það að eignast þak yfir höfuðið, eignast heimili fyrir U. M. F. V. nú hefur sá draumur rætst. En þið segið ef til vill að húsið geti tæpast talist eign enn þá, þar sem mikið af byggingarkostnaði er ekki greitt, en út í það verður

ekki farið hér. Það mál verður sérstaklega rætt í næsta blaði.

Vonir okkar um það að geta starfað sem góðir ungmennafél. að menningarmálum sveitarinnar, og ungmennafél. hugsjónum yfirleitt, hafa að miklu leyti byggst á því að koma upp þessu húsi; og það er að mínum dómi alveg rétt.

Nú er þessi bjarta von orðin að veruleika, næsta sporið verður að vera það að ganga heilir til starfsins.

Þessvegna vil ég vekja athygli ykkar á eftirfarandi:

Hér eigum við ekki að nota tíman til skorpa um hitt og annað dægurþras og sveita pólitík.

Hér eigum við ekki að skipast í flokka til sóknar, og varnar gegn hverju því máli sem tekið er til meðferðar.

Hér eigum við ekki að taka fyrir önnur mál en þau sem eru samboðin ungmennafélagsskapnum, en það eru hverskonar menningar- og framfara mál sem er, fyrir lýð og land

Hér eigum við að koma saman til að bindast vináttuböndum, og glæða kristilegt hugarfar og fórnfýsi vor á meðal.

Hér eigum við ekki að koma saman til að njóta hverfullrar stundargleði lausamensku tilfinninga.

Hér eigum við að hópa saman óþroskuðum æskulýð dalsins til að njóta, og læra að meta, yndisleik náttúrufegurðar, og þeirra göfgandi áhrifa sem hún hefur á hugarfar og framkomu hvers og eins.

Hér eigum við að skapa æskulýð dalsins betri skilyrði til alskonar íþróttastarfsemi, en áður hafa þekst í þessu byggðarlagi

Hér eigum við að geta notið vorgeislanna þó að vetur sé

Hér eigum við að fylkja liði undir fána ungmennafél. ekki til þess að berjast með sverðum, byssum, sprengjum, eða eiturgasi heldur með samstiltum hugum og samtaka höndum að heyja hina sigursælu góðu baráttu á vígvelli ungmennafél.

Hér eigum við, og eftirkomendur okkar, að festa vel í minni að hérópi ungmennafél. er eins og kunnugt er, þessi stóru orð „Íslandi allt." Högum vinnubrögðum okkar og félagslífi eftir því.

Ritstjórinn

Hvert stjórnarfyrirkomulag telur þú að verði hér á landi að 25 árum liðnum?

Fyrir skömmu rakst ég á framangreinda spurningu í bók U.M.F.R. og að mér hafði verið falið að svara í fyrra, en það fallið í gleymsku.
Ég lét hér nokkrar hugleiðingar á blað og sendi gamla Ingimundi og þótt honum hafi sneitt hjá stjórnmálum til þessa, verður ekki hjá því komist í þessum línum.
Það hefði raunar verið brola minnst að svara spurningunni er að framan greinir, á þann veg að enginn geti spáð í þær eyður, hvert verður skipulag í þjóðmálum eftir 25 ár, því svo gjörn á byltingar vori mannskepnan á þessari jörð, enda er það mála sannast, að þótt við sitjum á yztu miðum gelspekinnar mundi verða áfátt um sannar niðurstöður.
Ég geri hins vegar ráð fyrir, að dýrkendur öfganna yrðu skjótir til svara og þeir mundu að sameignarstefna, eða stefna einræðis, hefði

þá náð að leggja undir sig landið. Ég er þó að vona, að land vort verði ekki svo á næstu árum, sízt að hamingju því að báðar þessar stefnur sigla aðeins í kjölfar sárra þrenginga, þar sem hugsun fólksins í örlagalínu lífs og dauða hyllir byltinguna sem eina úrræðið. En þótt svo yrði, skyldi enginn ganga þess dulinn, að fólkið hafði engan himin höndum tekið. Það er nú svo, að of öllu má of mikið gera. Kommúnisminn vefur félagslega hlekki um of að fólkinu, og persónuleiki mannsins tærist upp í öllu því sameignarróti. — Það skortir olnbogarúmið til frjálsra athafna og óþvingaðra, og hinn eðlilegi þroski er leiðir af óheftri sjálfsbjargarhvöt á í vök að verjast.
Þó er Kommúnisti fremri Nazismanum í því að hann byggir neðan frá, og leitast við að vernda hlut smælingjans.
Einræðisstefnan hlýtur eftir eðli sínu að verða skammvinn. Einn maður brýst til valda á vandræðatímunum, mylur undir sig skoðanafrelsi, ritfrelsi, hugsanafrelsi, honum getur að vísu orðið talsvert ágengt,

að færa sumt til betra vegar, en sporin eru víða blóðug og þjóðarheildin ekki eins lífsrúm þátttakandi sem skyldi; auk þess kostar stefna þessi herafla til þess að halda þjóðfélaginu í skefjum.

Á það má benda þeim sem trúa á byltingu þjóðskipulagsins sem einhverja endurlausn, að jöfn og góð framsókn er og verður bjargráðust, og að hún sé borin uppi af hugsanamætti hins trúa þjóns, er hefir á sér andvara gagnvart hverju góðu máli og lætur einskis ófreistað að ýta því fram til sigurs

Ef litið er aftur um aldamótin síðustu, verður ekki annað sagt en að kynslóðin hafi orðið að byggja nær allt frá grunni: Vegina, brýrnar, skipin, símann, útvarpið, skólana flesta og margar aðrar ríkisbyggingar, ennfremur stórkostlegar girðingar um tún engi og beitilönd og geysilega aukið ræktun jarðar og ótal fleira.

Þegar þetta er nú athugað í réttu ljósi, hafa hér næstum gerst kraftaverk, og þó engin bylting orðið eins og það er skilið. Og víst, mættum við þakka fyrir, ef hvert 35-50 ára tímabil afkastaði því líka. Það er að vísu erfitt mjög um þjóðhaginn nú, þar eð viðskiftastríðið – svo illa nefnt – dundi yfir fyrr en varði. Þjóðin hafði lagt í mikinn kostnað og lá því lífið á að hafa viðskipta úrræði góð og greið

Sérhver þjóð keppist nú við svo sem þar eigi lífið að leysa að sækja sem mest inn á við til sjálfrar sín. En við Íslendingar stöndum í þessu efni illa af vígi. Við þurfum að sækja tiltölulega margt til annara þar eð iðnaður hefir verið lítill að þessu, þótt nú sé mjög að aukast. En iðnaði hlýtur að miða hægt áfram fyrst um sinn, því okkur skortir fé, til þess að hann eflist nú þegar sem skyldi, því að hér er meðal annars, helst til fátt um hráefni, þótt mikið sé af sumum tegundum þess.

Á því veltur framtíðin mest, að hægt sé að auka framleiðsluna og hafa markað fyrir hana og að hægt sé að skapa sem best jafnvægi milli framleiðslunnar og kaupgreiðslu, því að fyrst og fremst verður að sjá fyrir hinum frumstæðustu þörfum

lífsins, sem er fæði og klæði.

Enn fremur veltur framtíðin mjög á því að hægt sé að auka möguleika til þess að hinn árlegi vöxtur þjóðarinnar lendi á grænu með skilyrði að öðru leyti til framleiðslu, en ekki á grárri möl og gróðurlausri.

Því meiri ofvöxtur sem hleypur í bæina, því fremur þrengist um að vinna er veitir daglegt brauð, en þá er skammt til öfga og uppþota og þá verða úrræði hins ráðþrota manns, að hylla ýmsar óhappa stefnur í þeirri misskildu von að breyti það fyrir brauð og til þess að hefna sín á svo kaldrifjuðum örlögum.

Það er mikill vandi að byggja svo þjóðskipulag að einn reki sig ekki á annars horn – að ekki stangist hinar hagfræðislegu úrlausnir. En það verður svo bezt að hver og einn finni til ábyrgðar og þátttöku í félagslegum átökum, en þá virðist mér samvinnustefnan eiga mesta framtíð sem skipulag.

Iðn fyrirtækin þyrftu sem mest að vera rekin í sambandi við samvinnufélögin svo sem nú er að hefjast á landi hér. Tel ég það

byrsalla, en að ríkið sé að vasast með allt slíkt, nema þá ef vera kynni hin stærri fyrirtæki. Samvinnuleiðin í þessu efni á það höfuð kosti, að hún fer í ávexti eftir framlagi og hún vekur til meðábyrgðar og þroskar sjálfsbjargarhvöt.

Ég vil þá við frá þessum hugleiðingum benda á það, að ég tel þjóðina ekki fara rétt að ráði sínu, verði hér ekki lýðræðisstjórnskipulag að 25 árum liðnum, þótt hinsvegar verði að játa, að öldur [illegible] eru oft fyrr en varir búnar að rjúfa skörð í varnargarð þann sem mannvit og góður hugur reyna ~~[illegible]~~ sífellt að byggja til öryggis því, sem ekki má glata.

Kr. Sig.

# Skyldurækni

Gjör þú skyldu þína, segir samviska þín. Spurðu mig ráða áður en of langt er stigið, áður en þú lætur eigingirni þína ráða athöfnum —
Leyfðu ekki kæruleysinu aðgang að sál þinni, því það eitrar lífið og deyfir skyldutilfinninguna fyrir einu og öðru. Sláðu því ekki á frest að vera skyldurækinn, því skyldurækni er lífi þínu nauðsynleg. Það er ekki nægilegt að gera eitt vel, en annað illa. Þú þarft að þekkja skyldurnar og rækja þær af megni. Þá fært þú að öðlast friðinn og gleðina, er fyllir sál þína, er þú að kvöldi gerir uppreikninginn við samvisku þína, og getur með sanni sagt, ég hefi gert skyldu mína.
Finnurðu þá ekki hve munurinn er stór, á því að vera skyldurækinn, eða vera það ekki — — Skyldurnar eru margar og margvíslegar, allt lífið er skylda, sem okkur er falið til fullkomnunar.

Heilsuna sem guð hefur gefið þér, skalt þú gæta, — þroskaðu þinn innra mann, færðu þér af kappi í nyt, alla þá uppfræðslu sem lífið býður, þá lifir þú sjálfum þér og öðrum til meiri gleði en ella, — öðrum, því skyldu þinni við þá máttu ekki gleyma. Reyndu að létta öðrum lífið, vertu hjálpsamur og nærgætinn mönnum og skepnum. Elskaðu foreldra þína og systkyni, konu þína, eða eiginmann, því þau hafa mest fyrir þig gert, og þeim ert þú tengdur böndum skyldunnar. Vertu kennurum og yfirboðurum trúr. Láttu þér ekki standa á sama um heimili þitt, því þar er starfsvið skyldurækni þinnar. Ræktu verk þín vel, því þá sérðu ávöxt iðju þinnar. Vertu prúður í umgengni, en þó glaður, bæði sjálfs þíns vegna og annara, því oft er það heimilið sem skapar grundvöllinn að lífi eftirkomendanna — eftirkomendanna sem þú mátt ekki gleyma, þær sem mótast af fortíð—.

inni og framtíðin af þeim. Til þess að búa í haginn fyrir þá, ræktar þú jörðina, veltir stórgrýtinu úr vegi. Landið er vagga okkar. Því á það ást okkar og þrá. Lög þess máttu ekki fótum troða, svo framarlega þau ekki brjóti í bága við þína eigin samvisku, því til þess eru lög að boðorð séu haldin, og sá sem ekki getur samið sig að neinum reglum kann ekki að skapa sjálfan sig. Sá sem leitar gallanna hjá öðrum, þekkir ekki sína eigin, því sjálfselskan svæfir samvisku þína, og letin kemur í fótspor hennar og vísar skyldurækninni á braut, skyldurækninni sem þarf þó að vera förunautur þinn í blíðu og stríðu.

Vektu kærleikann sem blundar í sál þinni, – hann vísar þér veginn til skyldunnar, – til guðs að síðustu.

S. G.

# Útsýn

Fyrir ofan bæinn er óvenju víðsýnt eftir því sem er svona yfirleitt, niður í lágsveit. Það sér nærstum yfir alla sveitina sem er ein af fegurstu sveitum landsins. Við sjáum ána liðast silfurlita norður dalinn og grænar engjar báðumegin hennar. Og svo grasi vaxnar hlíðarnar sem breiða faðminn móti búsmalanum; gera sitt til að auka fegurð sveitarinnar.

Ekki þætti manni undarlegt þó slík sveit mundi laða svo hugi æskulýðsins er hér vex upp, að hann mundi ekki leita héðan burtu, en því er nú ver, að raunin verður sú að fjöldi manns festir hér ekki yndi, en flytur sig til kaupstaða og sjávarþorpa, sumt fær góða atvinnu og getur skapað sér varanleg heimili, en sumt ekki nema snapa vinnu sem fyrir því varla fæði og fæði. En svo er nú ástandið þannig heima í

sveitinni, að þar eru mörg heimili sem koma varla af búverkum fyrir fólksleysi, á meðan að sumt af því fólki sem farið er úr sveitinni gengur atvinnulaust um götur bæja og þorpa, og hefur varla fyrir skemtununum, hvað þá heldur ofan í sig, nema að grípa til þess óyndisúrræðis — atvinnuleysisstyrksins.

Mér þykir ekki undarlegt þó að lausafólk hverfi á brott, og leiti gæfunnar annarstaðar — fólk sem er af fátækum komið og hefur mjög litla von um að geta stofnað sér heimili í sveitinni. En hitt er einkennilegra að þeir sem eru bornir beint til stórra landa, að þeir skuli geta sýnt svo mikið manndómsleysi að staðfestast eigi á jörð feðra sinna, sem áður hefur gengið að erfðum mann fram af manni, heldur berast með straumnum hugsunarlaust. Að fólkið skuli vera svo trúlaust á landið — trúlaust á jörðina sem hefur veitt forfeðrunum og þeim sjálfum lífsuppeldi. Og ekki er sagan betri í lakari sveitunum, sem varla er von. Þar leggjast

nú margar rýrari og afskekktari jarðir í *í eyði, húsin falla niður, og túnin fara í órækt, sem sagt allt í niðurníðslu. Það er hart að hugsa til þess að verk löngu liðinna kynslóða, sem kostað hafa mikið erfiði og baráttu að framkvæma, séu eyðilögð vegna þrekleysis eftirkomendanna; nýjungagirni þeirra og stöðugum flótta undan erfiðleikunum, sem þó gera hvern þann meiri sem horfist í augu við þá og flýr ekki.

Fyrir nokkrum árum voru reistir skólar á nokkrum hentugum stöðum í sveitum landsins. Tilgangur þessara skóla var sá að æskulýður sveitanna yrði þar minna fyrir ýmsum skaðlegum áhrifum kaupstaðarlífsins, og þess vegna staðfestist frekar í sveitunum, samfara minni kostnaði við skólaveruna. En reynslan verður sú að þessa skóla sækir fjöldi af kaupstaðafólki og sveitafólkið kynnist dýrðarljóma kaupstaðanna gegnum þetta fólk, með öðrum orðum kemst á bragðið.

Og svo strax næsta vetur fer unga fólkið aftur á stað til að sjá dýrðina með eigin augum, og þá er fátt sem kemur aftur til staðfestu í sveitinni sinni.
Hver einstaklingur sem úr sveitinni flytur til kaupstaðanna, hann má athuga það að atvinnuna sem hann sjálfur hreppir í hinu nýja umhverfi, hana tekur hann frá náunga sínum og það kann ske innfæddum kaupstaðarlýð, bláfátækum barnamönnum sem á fullan rétt á því að ganga fyrir aðkomumönnum með atvinnu en vegna vöntunar á fullu samvæmi og göfði skipulagsinga getur ekki notið réttar síns. Og líka má hann hugsa til þess að sveitin hans er fátækari og berskjaldaðri fyrir, við hvern þann liðsmann sem flýr af hólmi.
Þessi orð eru nú að vísu nógu mörg, og ef til vill flestum til leiðinda sem á þau hlusta, en þörf
mörg eru þau alltaf söm.
Ég veit ekki hvort gæfan verður mér svo hverful að ég þurfi að berast með straumnum og flýja sveitina.
Og þó ég eigi hvorki óðal né erfðir, þá
elska ég sveitina mína.
Ég veit það ekki! framtíðin ber það í skauti sínu, en undir þessar línur ætla ég þó að setja til vonar og vara.

Flóttamaður.

# Bindingin.

## Saga.

Siggi var í illu skapi þennan sunnudag, hann var að binda hey, hafði ekki þorað að neita húsbónda sínum um það, þegar bóndi hafði komið til hans um morguninn, þó Sigga dauðlangaði til þess, af þeim ástæðum að það átti að vera kaupakonuball á Stað þennan dag, þar sem sambandshús sveitarinnar stóð.
Siggi vissi að þar mundi Gunna verða, það hafði hún sagt honum
Gunna var kaupakona á Hóli

Siggi hafði orðið Gunna sem fór úr
kaupstaðnum og fram að Hóli sem var
næsti bær fyrir sunnan Gil, en þar
átti Siggi heima.
Fólkið var nú farið að þeysa út eyrarn-
ar í áttina heim að Stað.
Siggi horfði á eftir því öfundaraugum
hann óskaði að geta farið með því á Grána
sínum, sem vafalaust að allra dómi
mundi bera af hestum ferðafólksins, hann
skyldi svo nú ekki hlífast við að berja
fótastokkinn þegar enginn sæi til.
Siggi hrökk upp úr þessum hugleiðing-
um við það að húsbóndinn kom með
lestina, og fór að ávíta hann fyrir hvað
lítið var búið að binda. En Siggi tók
því öllu með jafnaðargeði, og stein-
þagði.
Það var ekki fyr en í myrkri um
kvöldið að Siggi fór heim, að bind-
ingunni lokinni, fólkið var farið að
ríða heim af ballinu. Siggi heyrði
hlátur utan úr dimmunni. Hver skyldi
það vera sem hló svona?

Siggi langaði að vita það.
Hann lagðist í móana við veginn, og
beið þess að það sem hann vissi að var
að nálgast, kæmi svo nær svo hann gæti
þekt það. En honum varð ekki lítið
bylt við er hann þekti þar Blesa frú-
arinnar á Hóli og á honum sat engin
önnur en Gunna. En hver var það
sem með henni var? Jú það var Hrólf-
ur kramabúsins alræmdi sem komið
hafði í sveitina þá um vorið.
Siggi hélt heim þungt hugsandi, hann
bölvaði í huganum húsbónda sínum
fyrir að þurfa endilega að láta binda
þennan dag. Sumarið leið. Kaupa-
konurnar fóru burtu úr sveitinni.
Hrólfur fór einnig enginn vissi hvert.
En bæði fóru þau þó í sömu áttina
hann og Gunna.
Veturinn eftir þegar þeir er farið höfðu
suður til sjóróðra, komu til baka,
fréttist að þau Hrólfur og Gunna væru
trúlofuð. Siggi varð yfir sig reiður er
hann frétti það, og í bræði sinni rauk

hann út í hlöðu til bónda sem var að leysa þar hey, með þeim ásetningi að skamma hann fyrir sunnudagsbindinguna, ganga síðan úr vistinni og koma aldrei í þessa sveit aftur.
En þegar hann kom í hlöðuna þá varð hann orðlaus, og þegar hinn bóndinn spurði hann hvað hann hefði viljað, þá seint gat hann stamað því út úr sér hvort ekki ætti að fara að láta út féð.

Tord.

Ritstjóri:

Sigtr. Benediktsson
frá Hóli

# Ingimundur gamli

Blað U. M. F. Vatnsdælingur

| 1. Tölublað | Janúar 1936. | XVI. Árg. |
|---|---|---|

## Salvör frá Haga

Þýdd saga

Í byrjun 17. aldarinnar var herjað á suðurströnd Íslands af ræningjaflokki, víkingum frá Algeir.
Þeir gengu á land á ýmsum stöðum og tóku það af verðmætum, sem þeir máttu með komast, brendu bændabýlin, og fluttu fjölda af ungu fólki með sér, sem fanga til Afríku